

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi: Sauðfjárframleiðendur sem uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á tímabilinu frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2026 eiga rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði til samræmis við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016.

2. gr.

10. tölul. 1. mgr. 3. gr. verður svohljóðandi: *Gæðahandbók*: Rafræn handbók sem er ætlað að skjalfesta framleiðsluaðferðir og framleiðsluáðstæður á sauðfjárbúum til hagnýtingar við ákvarðanatöku í rekstri og markaðssetningu afurða. Matvælastofnun skal annast útgáfu, endurskoðun og dreifingu hennar með rafrænum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. 1. ml. 2. mgr. fellur brott.
- b. 4. mgr. og 5. mgr. fellur brott.
- c. Ný málsg. bætist við svohljóðandi: Framleiðandi skal tilkynna Matvælastofnun fyrir 31. desember ef hann ætlar að hætta í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu vegna næsta almanaksárs.

4. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr liður sem verður f. liður svohljóðandi: Önnur fóduröflun. Upplýsingar um aðkeypt fódur sem ekki fellur undir b.lið. Skrá skal seljendur fódurs, tegund og magn. Notkun erfðabreytts fódurs er bönnuð skv. reglugerð nr. 878/2016 um bann við notkun erfðabreytts fódurs í sauðfjárrækt.

5. gr.

9. gr. verður svohljóðandi:

Afurðaskýrsluhald

Fjárstofn skal skráður í skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands. Sauðfjárskýrslum hvers árs skal skilað eigi síðar en 31. desember. Matvælastofnun skal hafa aðgang að skýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands svo unnt sé að ganga úr skugga um hvort þátttakandi í gæðastýringu hafi fært fullnægjandi skýrsluhald innan tilskilins frests. Matvælastofnun skal leita til Bændasamtaka Íslands varðandi lokayfirferð skila á skýrsluhaldi til að gefa þeim tækifæri til að gera athugasemdir. Matvælastofnun er skylt að tilkynna framleiðanda fyrir 15. janúar standist hann ekki kröfur varðandi skil á skýrsluhaldi. Framleiðanda skal veittur að hámarki fjögurra vikna frestur til að ganga frá fullnægjandi skýrsluhaldsskilum eða koma á framfæri andmælum sínum. Framleiðandi sem ekki skilar fullnægjandi skýrsluhaldi innan frests telst ekki uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Framleiðendur sem eru að hefja þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en hafa til þess tíma ekki verið í skýrsluhaldi skulu ganga frá skilum úr sauðfjárskýrsluhaldi að vori til Bændasamtaka Íslands eigi síðar en 20. júní.

Framleiðandi skal skrá allan fjárstofn sinn í afurðaskýrsluhaldskerfi Bændasamtaka Íslands. Nánar er kveðið á um hvaða skráningarþáttum þurfi að standa skil á í 4. gr. í reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt til að þátttaka í afurðaskýrsluhaldi í sauðfjárrækt teljist fullnægjandi.

6. gr.

2. mgr. 12. gr. fellur brott.

7. gr.

20. gr. verður svohljóðandi:

Fjárhæð álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu er háð samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016.

Greitt er álag á allt framleitt kindakjöt frá framleiðendum sem uppfylla kröfur samkvæmt reglugerð þessari.

Heimilt er að beita stuðlum til að greiða mishátt álag á einstaka flokka lambakjöts og ærkjöts eða vegna mismunandi sláturtíma. Markaðsráð kindakjöts gerir árlega tillögu til framkvæmdanefndar búvörusamninga sem ákveður hvort nýta beri heimild til notkunar stuðla og með hvaða hætti. Verði heimildin nýtt skal ákvörðun um stuðla fyrir ár hvert liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember árið á undan.

Um fyrirkomulag greiðslna fer eftir ákvæðum 5. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt.

8. gr.

21. og 22. gr. falla brott.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum, 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 46. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2017.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx. xxxx 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.